

Vinátta á Kirkjubóli

Endurmat- athugasemdir um námsefnið

Upphaf

Leikskólinn Kirkjuból er með leiðarljósin Virðing-Vinátta og Væntumþykja í starfinu og lögðu áhersla á að þessi hugtök séu í heiðri höfð þannig að allir séu meðvitaðir um að unnið sé eftir þeim. Einkunnarorðunum fylgja markmið og leiðir til að sýn okkar sé skýr varðandi þau. Segja má að áherslur vináttuverkefnisins hafi því átt vel við í leikskólanum og mikilvægt að skerpa á gildi góðra samskipta, umburðarlyndi, vináttu og virðingu fyrir öðrum. Starfsmenn voru spenntir að fá nýtt efni í hendurnar til að vinna með og var mikil ánægja að fá að vera með í þessu verkefni.

Tekin var ákvörðun um að öll börn leikskólans, 60 talsins væru þátttakendur í verkefninu og unnið með það á þrem deildum leikskólans.

Kynning á verkefninu fyrir starfsfólk fór fram á starfsmannafundum og skipulagsdegi en fyrir foreldra var kynningarfundur ekki haldinn fyrr en á vorönn. Hins vegar fékk verkefnið stuttlega kynningu innan foreldrahópsins á haustfundi, í foreldrakaffi og með fréttabréfum í gegnum tölvupóst og fréttum á heimasíðu leikskólans.

Þrír starfsmenn, einn frá hverri deild, sáu að mestu leiti um vináttuverkefnið, það voru Anna Bjarnadóttir, Margrét Geirsdóttir og Hrönn Pétursdóttir.

Starfsmenn fengu borgaða yfirvinnutíma til að kynna sér leiðbeiningaheftið og gerðu flestir starfsmenn það á haustönn.

Framvinda

Verkefnið var alltumlykjandi í starfi vetrarins. Þema vetrar var vinátta. Börnin gerðu samvinnuverkefni, unnið var með vinastundir í hverri viku og gerðar kannanir. Á yngstu deildinni var mikið unnið með nuddsögurnar, spjöldin voru skoðuð og rædd lauslega. Á miðdeild var unnið með spjöldin og nuddsögur. Á eldri deild var meira unnið með hugtökin sjálf, umburðarlyndi, hugrekki, virðing og umhyggju.

Verkefnið tengdist inn í öll námssvið leikskólans, sem dæmi um það er:

- **Sköpun og menning:** Samvinnuverkefni unnin í myndlist t.d. stórt vinahjarta, vinatré og leikrit. Unnið með menningu t.d. fána ýmissa landa, mismunandi tungumál á alþjóðlega tungumáladeginum, afmæli barnanna og fleira. Á yngstu deildinni mikið skoðað hvaðan Blær

kæmi og hvaðan börnin á deildinni væru. Mörg erlend börn á deildinni og löndin þeirra skoðuð á korti og rætt í samhengi við komu Blæs frá Ástralíu.

- **Heilbrigði og vellíðan :** Unnið var sérstaklega í vetur með jóga í hreyfistundum og inn á deildum sem tengt var nuddsögum, umhyggju, ró og vellíðan.
- **Læsi og samskipti:** Unnið með hugtök í tengslum við lesmál og orðin höfð sýnileg upp á vegg sem dæmi hjálpsemi, heiðarleiki, vinsemd, umhyggja, samvinna, einmana og fleira. Lesnar vinasögur, sungnir vinasöngvar og unnið með lífsleikni á fjölbreyttan máta.
- **Sjálfbærni og vísindi :** Leikskólinn er grænfánaskóli og því leggjum við mikið upp úr því að hugsa vel um náttúruna. Við flokkum úrgang, gerum tilraunir með ræktun og tókum þátt í vorhreinsidögum Garðabæjar. Hugtakið virðing er mikið notað og rætt um mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna. Vísindaleikir þar sem unnið var með segla, ræktun, tilraunir eru vel til þess fallnir til að æfa samskipti í barnahópnum þar sem börnin skiptast á, hjálpast að og vinna saman að tilteknu markmiði.

Endurmat

Starfsfólk:

Starfsfólk leikskólans endurmat vináttuverkefnið á skipulagsdegi í maí, þar kom fram að vináttuverkefnið hafði að mati allra gengið vel. Upp komu vangaveltur um hvort mögulegt væri að tengja það inn í fleiri stundir án þess að hafa sér vináttustund eins og t.d. byrja alltaf vinnustundir/hópastarf eða samverustundir á því að ræða vináttu og ræða spjöldin og hengja þau upp á vegg. Einnig kom fram að gott væri að hafa markvissara fyrir alla hvaða gildi er verið að vinna með á hverri stundu, þá viku eða mánuð í senn og hafa það samræmt á milli deilda. Mikilvægt er að mati starfsfólks að grípa tækifærin þegar þau gefast í daglegu starfi til að vinna með efnið t.d. þegar börnin lenda í árekstrum sín á milli. Gott þótti að hafa vinastundir á morgnana en mikilvægt að varast að hafa hópana of stóra með yngstu börnunum. Starfsfólk hefði gjarnan viljað nýta sér heftið betur sem handbók en gert var og þar er ef til vill tímaleysi um að kenna. Margar góðar hugmyndir í heftinu til að vinna með og gott að setja það niður t.d. fyrir hverja önn nákvæmlega hvaða verkefni eigi að vinna fyrir utan spjöldin og nuddsögurnar.

Skráningarblöð voru útbúin og sett í hverja tösku ásamt stílabók. Skráðar stundir á elstu deild voru 21 stund en þar voru 22 börn í vetur. Á miðdeild voru skráðar 23 vinastundir og þar voru einnig 22 börn í vetur og á yngstu deildinni voru fáar stundir skráðar en þar voru 17 börn í vetur. Oft er erfitt að finna tíma fyrir skráningu strax í lok stundar, sérstaklega þegar haldið er utan um hóp með yngstu börnunum. Samt sem áður er mikilvægt að reyna að halda utan um hvað var gert í hverri stund, hvað gekk vel og hvernig börnin tóku þátt. Starfsmönnum fannst vera markvissara og betra að sami starfsmaður væri með stundina og því sáu þessir þrír starfsmenn leikskólans sem fóru á námskeið að mestu um vinastundirnar í

vetur. Eftir á að hyggja hefðu þessir þrír starfsmenn átt að finna oftar tíma til skrafs og ráðagerða og vinna meira saman að innleiðingunni en var gert.

Starfsfólk var sammála um að efnið henti síst með börnum á yngstu deildinni en þau nutu engu að síður mjög góðs af því. Nuddið var vinsælt og litlu bangsarnir ásamt stóra Blæ. Gott er að ráð til foreldra séu sýnileg á öllum deildum. Velta má vöngum yfir því hvort nægilegt sé að verkefnið byrji á þann máta með yngstu börnunum að þau fái litla Blæ, unnið sé með nuddsögur en ef til vill ekki verið að vinna með spjöldin sjálf fyrir en börnin koma á miðdeildina. Þetta er eitthvað sem við eigum eftir að ákveða fyrir næsta vetur.

Foreldrasamstarf: Við í Kirkjubóli héldum árlegan foreldrafund í lok september og var hann því liðinn áður en starfsmenn höfðu farið á námskeið vegna vináttuverkefnisins. Verkefnið var kynnt stuttlega á þeim fundi en vilji var í foreldrahópnum að fá betri kynningu sem áætluð var í febrúar mánuði, sá fundur féll því miður niður vegna óveðurs. Sérstakur kynningarfundur var því ekki fyrir en í apríl og á hann mættu 12 foreldrar. Þeir sem mættu voru mjög ánægðir með efnið, tóku þátt í klípusögum og ræddu um málefni eins og afmælisboð, heimsóknir í lok dags og fleira. Verkefnið byggir á samvinnu við foreldra og því er nauðsynlegt að hafa svona fund þar sem vettvangur skapast til umræðu og allir eru þátttakendur. Hins vegar var verkefnið mjög sýnilegt í starfinu, var gert hátt undir höfði á opnu húsi, foreldrar gátu verið með í vinastundum í opinni viku í febrúar, efnið haft sýnilegt í sal í foreldrakaffi, pistill birtur í Garðapóstinum og fréttir á heimasíðu.

Athugasemdir varðandi heftið

Leiðbeiningarheftið er mjög gott og gefur góða innsýn í verkefnið. Þó það sé auðlesíð getur verið dálítið tímafrekt að gefa öllum starfsmönnum færi á að lesa það en að okkar mati var það nauðsynlegt. Mikilvægt er að allir starfsmenn séu meðvitaðir þegar nýtt efni er innleitt og nýtt í starfinu. Allir þurfa að fara dálítið inn á við, skoða sín samskipti hvort heldur við börnin, samstarfsfólk eða foreldra og góðar umræður sköpuðust í starfsmannahópnum um vinnustaðamenningu og vinnulag.

Bæta mætti yfirlitsblaði um spjöldin inn í heftið, hvaða spjöld taka á hvað málum og jafnvel textann sem er aftan á hverju spjaldi fyrir sig ef maður vill hengja spjöldin frekar upp á vegg.

Allir starfsmenn fylltu út yfirlit yfir tengslamynstur sem er að finna á bls. 79. Umræður sköpuðust um orðalagið að hafa „víðtæka þekkingu“ á fjölskyldunni sem kemur fram í töflunni. Hvað felst í víðtækri þekkingu? Starfsfólki fannst mætti vera einhver millivegur á milli þess að hafa víðtæka þekkingu á

fjölskyldunni og að hafa slaka þekkingu á fjölskyldunni. Annars er tengslakönnun sem þessi mjög góð leið til að ígrunda tengsl og samskipti starfsmanna við hvert og eitt barn.

Bæta má einhverjum bókum við listann lesefni fyrir börn t.d. litla lirfan ljóta, Nonni eignast vin, Bangsi litli (Illugi Jökulsson), Myrkfælna tröllið, Sagan af skessunni sem leiddist .

Ef til vill mætti hafa leiðbeiningarheftið tvískipt, annars vegar fræðilegan hluta með umræðu, kynningu á verkefnum, hugmyndafræðina og leiðbeiningar. Hins vegar hagnýt vinna með börnunum, hugmyndir að verkefnum, eyðublöð, yfirlit yfir samræðuspjöld og klípusögur ásamt nuddsögur.

Athugasemdir varðandi nuddhefti:

- Með yngstu börnunum (2ja – 3ja ára) var meira notast við aðrar sögur til að nudda eftir, bæði einfaldari og með þjálfa orðalagi þó svo þær byggðu stundum á efni úr nuddheftinu.
- Með eldri börnum var nuddheftið vel nýtt, gott er að hafa tvær sögur um sama efnið þar sem þá er skipt um nuddara í seinni sögunni. Starfsfólkið gerði einnig eigin frumsamdar sögur og nýtti t.d. hljóðbækur og tónlist (Karnival dýranna) til að vinna með í nuddinu. Börnin eru mjög ánægð með nuddið og öll vildu taka þátt í því og báðu um það. Það er sniðugt að gera samstæðuleik til að finna út hver nuddar hvern svo ekki verði ágreiningur um það en það gat komið fyrir.
- Í sögunni um Snorra snigil er hann allt í einu orðinn að Skúla í lok sögunnar.
- Börn hafa gaman af endurtekningu en það væri fínt að sögurnar væru aðeins fleiri í heftinu.

Athugasemdir varðandi spjöldin:

- Spjöldin eru aðeins of stór í töskuna
- Mættu vera fleiri spjöld sem sýna jákvæða hegðun vana
- Spjöldin voru ekki endilega tekin í réttri töluröð heldur meira eftir efni og aðstæðum hverju sinni.
- Gott að endurtaka spjöldin sem eru með mörgum umræðupunktum
- Spjald 1- orðalag- „hvernig getum við hjálpað þeim sem við finnum til með“ – hægt að breyta í „Hvernig getum við hjálpað þeim sem líður illa“
- Spjald 6 stafsetning í þriðju línu - eru einhver börn sem þurfa oft hjálp
- Spjald 7 orðalag, drengurinn er kallaður seini asninn. Mætti kannski milda orðalag, drengurinn er kallaður lélegur að hlaupa eða eitthvað í þá áttina.
- Spjald 10 stafsetning – Hvað getum við gert fyrir stúlkuna í rauðu úlpunni.

- Spjald 11- sleppa að tala um „góða“ lego kubba- bara hafa alla lego kubbana í staðinn.
- Spjald 16 kemur tvisvar sinnum „tillögur að spurningum til barna“, annað á líklega að vera tillögur að spurningum til starfsmanna ?
- Spjald 20 mætti vera bæði ætlað foreldrum og starfsfólki. Minna starfsfólki líka að gefa sig að þeim foreldrum sem eru nýjir sem standa einir.
- Spjald 24 – ekki nesti í leikskólum hér, börnin hér eru ef til vill ekki að tengja við þetta spjald
- Spjald 27 – orðalag kannski betra að hafa hver hjálpar ykkur þegar þið meiðið ykkur .
- Almenn ánægja með spjöldin, þau eru mjög myndræn, sýna vandamál og aðstæður sem börnin tengja við og myndirnar eru fallegar og litskrúðugar. Auðvelt að skella upp á vegg til að mynda umræður um málefni.

Athugasemdir varðandi klípusögur:

Við prófuðum Klípusögukortin á tveimur starfsmannafundum og erum sammála því að þau séu góð til að efla umræður um erfiðar aðstæður sem geta komið upp. Vinna með þau krefst þess að allir tjái sig og ræði málin. Mögulega fer fólk að líta inn á við og skoða sína eigin framkomu, hegðun og ummæli með öðru hugarfari.

Unnið var með klípusögur með foreldrum á foreldrafundi þar sem reyndar mættu einungis 12 foreldrar. Hins vegar var umræðan góð og fróðlegt að heyra raddir foreldra varðandi ýmis mál og hvaða skoðun þeir hafa. Vafalítið hristu þessar umræður upp í foreldrum og gerir þau meðvitaðri um aðstæður barna og líðan

Lokaorð

Almenn ánægja var með verkefnið. Nú höfum við betri skilning á einelti, vitum meira út á hvað verkefnið gengur og viljum halda áfram vinnu með það markvisst á miðdeild og elstu deild. Einnig viljum við gjarnan tengja það meira inn í annað hópastarf og þurfa ekki að hafa það ávallt í sér stundum heldur samtvinna með öðrum verkefnum í tengslum við lífsleikni í leikskóla.



Garðabæ 20. Júní 2015
 Anna Bjarnadóttir
 aðstoðarleikskólastjóri Kirkjubóls